

**Nd.**

**383. Breytingartillögur**

við frv. til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitist úr ríkissjóði  $\frac{1}{3}$  kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fje er veitt til þess i fjárlögum, alt að kr. 235000 — tvö hundruð þrjátíu og fimm þúsund — gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Skagastrandar.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að kr. 470000 — fjögur hundruð og sjöttíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirmsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnaráðið samþykkir.